

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um samning um orkusáttmála.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hyggst ráðherra leggja til úrsögn úr samningi um orkusáttmála (Energy Charter Treaty) í ljósi þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins telur aðild að samningnum grafa undan aðgerðum í loftslagsmálum og mun því ráðleggja aðildarríkjum ESB að segja sig frá honum?
2. Hefur reynt á ákvæði samningsins um gerðardómsmeðferð gagnvart Íslandi? Ef svo er, hvers eðlis voru þau mál og hver varð niðurstaða þeirra?